Arðrændir og kúgaðir allra landa - sameinist!

VERKALÝÐS BLAÐIÐ

Málgagn Einingarsamtaka kommúnista (marx-leninista)

19.tbl. 4.árg. október 1978 Verð kr. 150



„Ítök sjóðsins ógna efnahagslegu sjálfræði landsins"

-segir Elías Davíðsson í viðtali

4-5

Í tilefni iðnnemaþings:

„Mikilvægt að iðnema-sambandið starfi sjálfstætt"

Dagana 20.-22. október verður haldið þing Iðnemasambands Íslands (INSÍ), en þing þessara heildarsamtaka iðnnema er æðsta vald í þeirra málum og á að vera stefnumarkandi í málefnum iðnnemahreyfingarinnar. VB fékk tvo þingfulltrúa til að spjalla um þingið og fleira, þá Árna Kjartansson, fulltrúa Félags Járniðnaðarnema á Akureyri og Einar Gunnarsson, formann Félags Járniðnaðarnema í Reykjavík.

segja Árni Kjartansson og Einar Gunnarsson

Fyrst svöruðu þeir spurningum varðandi þing INSÍ í fyrra og iðnnemaþing almennt:

Árni: Tilgangur með þingunum er sá að leggja drög að starfi og stefnu hreyfingarinnar næsta starfsár, og ég tel að hreyfingin og forysta hennar á hverjum tíma sé bundin af samþykktum þinga og beri að starfa í samræmi við þær. Á þingum koma líka fram pólitískir straumar sem fyrirfinnast í hreyfingunni og ólíkar stefnur takast á. Þau eru því mikilvæg að mínu mati.

Einar: Ályktanir þinga eiga að vera stefnumarkandi, en í raun fer lítið fyrir því. Ályktanir síðasta þings voru sumar hverjar hálfgerðir langhundar þar sem ægði saman aðalatriðum og aukaatriðum, sumt beinlínis rangt. En þær ályktanir sem bitastæðar voru, hafa alls ekki verið teknar sem stefnumótandi af forystu INSÍ síðastliðið ár. Meira að segja tókst ekki að koma ályktunum síðasta þings út fyrr en nú fyrir skömmu, tæpu ári eftir þingið!

VB: Einhver dæmi um hunsun á stefnumálum samkvæmt þings-ályktunum í fyrra?

Frh.á bls.7

Atriði úr dansinum "Kvöld í haustönnum"

Striðshanska kastað

"Ég fæ ekki betur séð en að hér sé stríðshanskanum kastað og að forysta Iðnemasambandsins (INSÍ) leggi þarna línur fyrir atlögu að starfi kommúnista úr EIK(m-l) í iðnnemahreyfingunni. En þessi árás beinist ekki eingöngu að EININGARSAMTÖKUNUM, heldur einnig að sífellt stækkandi fylkingu iðnnema sem vilja byggja iðnnemahreyfinguna til baráttu og hafna stéttasamvinnustefnu og undanslætti sem Alþýðubandalagsmenn í INSI-forystunni eru fulltrúar fyrir. Ég hvet því iðnnema til að styrkja enn baráttustefnuna

Framh. á bls.2

Einar Gunnarsson og Árni Kjartansson. (Mynd:Verkalýðsblaðið)

Verkfall við Akureyrarhöfn

Verkfallsbrot framið

Hafnarverkamenn á Akureyri eiga í harðri réttindabaráttu við Eimskip, eins og VB greindi frá. Deilan stendur um það, að verkamenn krefjast hærra kaups fyrir útskipun á freðfiski, þ.e. sambærilegs kaups fyrir sömu vinnu og tíðkast við aðrar hafnir á svæði verkalýðsfélagsins Einingar við Eyjafjörð. Í september neituðu verkamenn að skipa fiski út í Brúarfoss, þar sem Eimskip neitaði að ræða málin við þá og fór skipið óafgreitt frá Akureyri. Vinnustöðvun stendur enn(þegar þetta er skrifað 12. október) og virðist útséð um að Eining muni á nokkurn hátt styðja

Framh. á bls. 2

Tíbetskur dans- og söngvaflokkur kemur til Íslands

Dagana 22.-31.okt. mun dans- og söngflokkur frá Tíbet dvelja hér á landi og sýna listir sínar. Þetta er síðasti viðkomustaður listafólksins í sýningaferð þess um Norðurlöndin. Flokkurinn kemur hingað á vegum Kínversk-íslenska menningarfélagsins, KÍM, og er tilgangur ferðarinnar að auka gagnkvæman skilning og vináttu þjóða Norðurlandaþjóðanna og Kínversku þjóðarinnar.

Tíbet er þekkt fyrir sína sérstæðu dans- og sönglist sem sprottin er upp úr lífi og starfi fólksins, og mun okkur nú gefast einstakt tæki-

Framh.á bls.2

Samtök herstöðvaandstæðinga efna til landsráðstefnu á næstunni. Verkalýðsblaðið birtir af því tilefni talsvert af efni sem tengt er baráttunni gegn heimsvaldastefnunni og Samtökum herstöðvaandstæðinga sérstaklega. Þetta efni er að finna á bls. 2 og 7.

Landsráðstefna SHA

Lærum af reynslunni og eflum samtökin!

VERKALÝÐS BLAÐIÐ

Lærum af reynslunni og eflum samtökin!

Nú stendur fyrir dyrum landsráðstefna Samtaka herstöðvaandstæðinga (SHA) og er því ekki úr vegi að skoða starf og stefnu samtakanna með það fyrir augum að meta hvað gert hefur verið og hverju er ábótavant.

HVERT HEFUR MIÐAÐ Í STARFINU.

Því miður verður að segjast, að SHA hafa lítt sótt fram á við undanfarið ár. Þátttaka í aðgerðum samtakanna hefur minnkað, og virkni almennra félaga samtakanna hefur mjög dregist saman. Það er staðreynd að flestir hverfahópar og landshlutahópar SHA eru ekki starfandi. Miðnefnd hefur starfað einangrað frá félögum samtakanna, og jafnvel verið illa starfhæf vegna lélegrar mætingar miðnefndarmanna á fundi. Umræða innan SHA hefur verið lítil, og lýðræðið hefur ekki virkað sem skyldi. Þetta er þungur dómur, en réttlátur.

HVERJAR ERU ORSAKIR ÞESSA?

Það er mat EIK(m-l) að orsakir þessa ástands sé að leita í hversu veikt SHA standa jafnt pólitískt, hugmyndafræðilega og skipulagslega. Í reynd eru landsráðstefnusamþykktir ekki bindandi fyrir starf samtakanna. Pólitísk hrossakaup réðu miklu um val í miðnefnd. Ágreiningsmál innan samtakanna hafa ekki verið rædd til hlýtar, og miðstýring sem ekki skeytir um lýðræðislega umræðu hefur verið ríkjandi. Þetta sést best ef skoðaðar eru einstakar aðgerðir sem SHA stóð fyrir síðasta starfsárið:

- Farið var út í fámennar upphlaupaaðgerðir fyrir utan Álverið, án þess að aðgerðin væri rædd meðal félaga SHA og án nokkurs fjöldaáróðurs.
- Miðnefnd ákvað að standa fyrir aðgerðum 21.ágúst og hafnaði samstarfi við 21.ágúst-hreyfinguna á hæpnum forsendum. Þeir miðnefndarfundir sem um þetta fjölluðu voru báðir ófákvörðunarhæfir vegna fámennis. Hunsað var álit Kópavogshóps SHA, sem hvatti til samvinnu við 21.ágúst-hreyfinguna.
- Miðnefnd samþykkti ályktanir um kosningarnar og stjórnarmyndunarviðræðurnar, þar sem hún fór langt út fyrir umboð sitt, og rak hreina Alþýðubandalagsstefnu.

Þetta eru 3 dæmi um rangar starfsaðferðir, sem eru andstæðar þeim grundvelli sem SHA ættu að byggja á. Sökum veiks grundvallar sýnir það sig að skriffinskan innan SHA hefur vaxið, og miðnefnd fjarlægst almenna félagsmenn. Afleiðing: Síminnkandi starf SHA.

VÍKKA ÞARF GRUNDVÖLL SAMTAKANNA

EIK(m-l) hefur alla tíð barist fyrir því að grundvöllur SHA væri víkkaður, og að ágreiningsmál væru rædd til hlýtar. Sérstaklega er mikilvægt að afstaðan til Sovétríkjanna verði rædd út, og að samtökin taki upp baráttu gegn báðum risaveldunum. Leiðandi einstaklingar innan SHA lögðust gegn því að umræða um risaveldin færi fram síðasta starfsárið. En það hlýtur hver maður að sjá, að afar hæpið er fyrir SHA að standa fyrir aðgerðum gegn Sovétríkjunum 21.ágúst, en koma í veg fyrir umræður um eðli Sovétríkjanna innan samtakanna! Grundvöllur SHA þarf að vera sameign félaga samtakanna - annars verður fálm og reikandi yfirsterkari markvissu starfi og góðri fjöldastefnu hjá samtökunum.

HVAÐ ER TIL ÚRBÓTA?

Kópavogshópur SHA hefur lagt fram tillögur er varða starfshætti samtakanna sem EIK(m-l) metur sem spor í rétta átt. Efnislega innihalda þessar tillögur eftirfarandi:

- Gera skal starf samtakanna markvissara, og auka verkaskiptinguna.
- Berjast skal gegn öllum pólitískum hrossakaupum - en virk einstaklingsaðild ráði í hvívetna. Komið skal á félaga- og stuðningsaðild að samtökunum.
- Landsþingssamþykktir verði bindandi fyrir starfið.
- Miðnefnd skal gerð virkari og tengsl miðnefndar við félaga og hópa efld.

Víst er, að nái þessar tillögur fram að ganga, þá standa samtökin sterkari skipulagslega.

Í því skyni að styrkja samtökin pólitískt, mun EIK(m-l) hvetja félaga sína og stuðningsmenn til að hafa forgöngu um tillögur er miða að víkkun grundvallar samtakanna og að því að ágreiningsmál verði rædd út. SHA eiga mikin hljómgrunn meðal íslenskrar alþýðu, og því er mikilvægt að samtökin eigi sér vel mótaða heildarstefnu, og traust og lýðræðislegt skipulag. Það er forsenda sigra í framtíðinni.

Landsráðstefna SHA

Námsmenn lýsa yfir samstöðu með stundakennurum

Fréttaritari Verkalýðsblaðsins í Háskóla Íslands hafði samband við blaðið, og sagði hann að innan margra hagsmunafélaga námsmanna við HÍ væri nú hafin barátta fyrir því að námsmenn lýstu yfir stuðningi við baráttu stundakennara fyrir bættum kjörum og atvinnuöryggi. Nokkur hagsmunafélög hafa haldið fundi um málið, og hjá öðrum eru fundir til kynningar á málstað stundakennara fyrirhugaðir. Verkalýðsblaðinu hefur borist svohljóðandi fréttatilkynning frá Fjallinu - hagsmunafélagi jarð- og landfræðinema:

Á aðalfundi Fjallsins, sem haldin var föstudaginn 29.september s.l., var meðfylgjandi ályktun samþykkt samhljóða:

"Aðalfundur Fjallsins - hagsmunafélags jarð- og landfræðinema - haldin föstudaginn 29.9. 1978, lýsir yfir fullum og óskoruðum stuðningi við baráttu stundakennara við HÍ fyrir bættum kjörum og atvinnuöryggi. Aðalfundurinn ályktar, að komi til aðgerða stundakennara í baráttu þeirra, s.s. verkfalls, muni félagsmenn Fjallsins í einu og öllu styðja þá.

Aðalfundurinn skorar á önnur hagsmunafélög nemenda við HÍ að gera sams konar samþykktir, og kynna félagsmönnum sínum málstað stundakennara".

Þá hefur blaðið fregnað að sams konar samþykkt hafi m.a. verið gerð á fundi hagsmunafélags líffræðinema. Verkalýðsblaðið hvetur námsmenn við HÍ til að auka og herða baráttuna fyrir samstöðu með stundakennurum, því árás ríkisvaldsins á kjör stundakennara er aðeins einn liður í kreppuráðstöfunum ríkisvaldsins sem bitna á námsmönnum. Sigur stundakennara í baráttu þeirra er um leið sigur námsmanna. Þá hvetur blaðið námsmenn til að senda blaðinu fréttir um gang mála, og blaðið stendur opið til birtingar stuðningsyfirlýsinga o.þ.h.

-Ritstj.

Verkfallsbrot framið

Framhald af forsíðu

verkamennina. Þeir verða því að reiða sig á eigin samtakamátt og öflugan stuðning verkafólks og annarra á Akureyri og víðar.

Á dögunum kom skipið Selfoss til Akureyrar að sækja freðfisk. Tókst að skipa út í hann fiski með aðstoð verkfallsbrjóta. Þegar þetta var, voru verkamenn Eimskips við störf í öðru skipi. Eimskip reyndi að fá hafnarverkamenn Kaupfélags Eyfirðinga til að ganga í störf verkfallsmanna, en það tókst ekki. Þá var reynt að fá verkamenn hjá Útgerðarfélagi Akureyringa til verkfallsbrota, en það fékk dræmar undirtektir. Þó tókst að fá nokkra unga menn hjá ÚA til starfa, trúlega höfðu þeim ekki verið kynntir málavextir og því leiðst út í verkfallsbrot.

Uppistaða verkfallsbrotaliðsins var þó stór hluti áhafnar togarans Sólbaks, sem var í höfn vegna bilunar. Þar voru yfirmenn með sjálfan skipstjórann í broddi fylkingar sem unnu þetta löðurmannlega verk! Ljóst er þó að verkfallsbrot verða engar framtíðarlausnir fyrir Eimskip á Akureyri.

Verkalýðsblaðið hvetur til eindregins stuðnings við verkfallið hjá Eimskip á Akureyri og skorar á verkafólk að brjóta ekki á stéttarbræðrum við höfnina með því að ganga í þeirra verk og veikja verkfall þeirra.

Fréttaritari/Akureyri

Stríðshanska kastað

Framh. af fors.

á iðnnemaþinginu og framvegis. Það er besta svarið við atlögunni".

Þetta var svar fulltrúa EIK(m-l) í verknámsskólunum þegar VB leitaði álits hans á árás á EIK(m-l) í uppkasti að kjaramálaályktun INSÍ-þings í október. Uppkastið lagði fram sjálfur formaður INSÍ, Hallgrímur Magnússon, í kjaranefnd sambandsins og kemur afgreiðsla þess til kasta þingsins. Í uppkastinu er að finna eftirfarandi kafla, og þarf ekki glöggan mann til að finna að hvaða "aðila" púðurskotunum er beint:

"36.þing INSÍ vítir harðlega þá aðila sem hvöttu verkafólk til að skila auðu í alþingiskosningunum og reyndu þannig að koma í veg fyrir, að hugur verkafólks til aðgerða ríkisstjórnarinnar og til annarra deilumála í þjóðfélaginu kæmu fram. Þingið lítur svo á að það sé skylda hvers manns í lýðræðisþjóðfélagi, að taka afstöðu til þess hvernig þjóðfélaginu sé stjórnað og stuðla að því að þjóðskipulagi sem viðkomandi telur að hér skuli ríkja.

Einnig fordæmir þingið sömu öfl fyrir þá sundrungarstarfsemi, sem þau reyna að viðhafa í verkalýðshreyfingunni. Telur þingið það veikja verkalýðshreyfinguna í baráttu hennar fyrir hagsmunum verkafólks".

Framh. af forsíðu

færi á að kynnast þessum hluta af menningu Tíbets. Á dagskrá sýningarflokksins mun m.a. vera dansinn "Kvöld í haustönnum", sem er túlkun á gleði og stolti bændaalþýðunnar yfir ríkulegri uppskeru. Þessi dans varð til veturinn 1959, er tíbetskir bændur nutu í fyrsta sinn ávaxta sinnar eigin vinnu, en þetta ár var Tíbet endanlega frelsað undan ánauð lénsskipulagsins og jörðum skipt upp milli bænda. Dansinn er fullur af lífi, með hröðum takti og byggir á gamalli tíbetanskri danshefð.

Í Kína er lögð rík áhersla á varðveislu séreinkenna þjóðernisminnihluta, og rétt þeirra til að stunda sína eigin menningu. Margir listamanna hópsins voru áður ánauðugt bændafólk, eða eru afkomendur þess. Sem dæmi má nefna sópransöngkonuna Tsaidan Choma, sem kemur úr ánauðugri bændafjölskyldu. Hún fékk sína fyrstu söngkennslu, er hún gætti sauðahjarðar í fjöllum Tíbets, þá 13 ára gömul. Nú er hún þekkt um allt Kína fyrir frábæra túlkun á tíbetskum söngvum. Tsaidan Choma er vara-forstöðumaður Menningamiðstöðvarinnar í Tíbet.

Pasang Tsering sem er dansari sýningarflokksins, var þræll aðalfjölskyldu í Tíbet er hann var níu ára. Hann sætti svo illri meðferð, að hann strauk. Ekki biðu hans betri örlög er hann, sem ungur drengur, sleit sér út fyrir lénsherra nokkurn. Hann hrökklaðist úr vist hvað eftir annað vegna illrar meðferðar lénsaðalsins. Seinna sendi Alþýðustjórnin hann til Þjóðernisminnihlutastofnunarinnar í Peking til náms á listanámsbraut. Hann lauk prófi 1962 og hefur nú náð upp góðri tækni í tíbetskum þjóðdönsum.

Svo skemmtilega vill til að KÍM á 2o ára afmæli 2o.okt., og líta má komu tíbetsku gestanna sem afmælisverkefni félagsins. Listafólkið mun hafa tvær sýningar í Þjóðleikhúsinu, dagana 24. og 25.okt., einnig mun það sýna á Akranesi og á Selfossi. Verkalýðsblaðið vill hvetja lesendur sína eindregið til að sjá sýningar listafólksins, og taka sem flesta með.

Framh. af bls.3

sjómanna) þar sem þau eru hvött til að segja ekki upp samningum, þar sem nú sitji við völd stjórn launafólks sem þurfi vinnufrið. En sjómenn geta ekki veitt henni slíkan frið. Kjör þeirra hafa verið rýrð mjög að undanförnu og ljóst er að ef ekki kemur til baráttа af hálfu sjómanna verða þau rýrð enn meira. Þess vegna er nauðsynlegt fyrir sjómenn að grípa nú til skipulegra aðgerða. Annað hvort með því að segja upp samningum og krefjast hækkaðrar skiptiprósentu eða með innsiglingu flotans eða öðrum aðgerðum til að fá fram hækkun fiskverðs.

Gerum stéttarfélögin að baráttutækjum

EIK(m-l) í iðnnemahreyfingunni:

Alvarlegir agnúar á verknámskerfinu

Í þessari grein verður í stuttu máli gerð grein fyrir afstöðu EIK(m-l) í iðnnemahreyfingunni til ýmissa mála sem varða nám.kaup og kjör iðnnema. Afstaða samtakanna á þessum vettvangi er engan veginn fullmótuð eða endanleg, enda tiltölulega stutt síðan samtökin hófu skipulegt starf í iðnnemahreyfingunni.

EIK(m-l) taka undir kröfur um afnám meistarakerfis í iðnnámi, og telja það vera brýnt hagsmunamál iðnnema að verknámsdeildir skólanna séu efldar. Þessi þróun er lengst komin í Reykjavík, en eins og málum er nú komið, eru á nýja verknámskerfinu bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar.

Jákvætt: Fullyrða má, að verkþjálfun í skólum veitir iðnnemum mun betri og víðtækari menntun en hið úrelta meistarakerfi býður upp á. Meistarakerfið hefur í yfirgnæfandi hluta tilfella ekki verið fullnægjandi til að veita nemum nægilega góða menntun. Þetta er grundvallaratriði.

Neikvætt: Um leið og meistarakerfið er lagt niður missa iðnnemar réttinn til kaups á námstímanum í skóla.. Mjög stór hluti verknámsskólanna eiga ekki aðgang að Lánasjóði ísl. námsmanna og því má fullyrða að mörgum muni reynast erfitt að kljúfa námskostnað samfara 2 x 9 mánaða kauplausri skólaveru á tveimur árum. Einnig bera verknámsnemar sjálfir kostnað vegna kaupa á námsgögnum, en

Úr prentsal Iðnskólans í Reykjavík.(Mynd:Verkalýðsblaðið)

meistarar eru skyldir til að greiða þann kostnað hjá samningsbundnum nemum.

Þetta þýðir með öðrum orðum það, að kjör iðnnema hafa verið skert stórlega, þar sem stór hluti kostnaðar við menntun þessa vinnuafls hefur verið fluttur frá atvinnurekendum yfir á axlir nemanna sjálfra! Eiga iðnnemar að taka þessu þegjandi eða þýðir þetta í raun að meistarkerfið sé eftir allt saman skárri kostur en nýja verknámsfyrirkomulagið ?

Svar okkar við báðum spurningunum er NEI! En hvað ber þá iðnnemum að gera? Við teljum teljum eftirfarandi mikilvægt og nærtækast:

Að iðnnemar í verknámsskólum berjist fyrir fullri aðild að Lánasjóðnum, um leið og þeir sameinast öðrum námsmönnum í baráttu gegn álögum þeim sem gilda um veitingu námslána og endurgreiðslur. Þetta er mikilvægt takmark og ein af forsendum fyrir því að gera iðnnám efnahagslega mögulegt fyrir allan þorra þess fólks sem á slíkt hyggur.

Því má ljóst vera, að EIK(m-l) telja afnám meistarakerfis og tilkomu verknámskerfis jákvætt og gott skref, en jafnframt brýnt að iðnnemahreyfingin taki upp baráttu gegn alvarlegum agnúum á verknámskerfinu, eða öllu heldur skólakerfinu í heild sinni.

HELSTU KRÖFUR

Helstu kröfur sem EIK(m-l) munu styðja í iðnnemahreyfingunni eru í samanteknu máli:

1. Verkfalls og samningsrétt til handa iðnnemum!
2. Gerum nemafélögin að baráttutækjum - gegn stéttasamvinnustefnunni!
3. Kauptaxtar iðnnema miðist við rauntaxta sveina!
4. Samningsbundnir nemar fái greitt kaup á námstíma, greiðsla á námskostnaði verði samkvæmt samningi!
5. Iðnemar í verknámsskóla fái aðgang að Lánasjóði ísl. námsmanna - burt með vísitölubindingu námslána!

Þetta eru þau mál sem EIK (m-l) setja á oddinn varðandi kjara- og réttindabaráttu iðnnema. En jafnframt munu samtökin leggja áherslu á hina pólitísku baráttu: Gegn stéttasamvinnustefnunni við auðvaldið, sem Alþýðubandalagið er leiðandi fyrir í verkalýðs- og iðnnemahreyfingunni. Gegn klofningsbrölti borgaralegu stjórnmálaflokkanna í röðum iðnnema. Gegn allri heimsvaldastefnu sérstaklega Sovétríkjunum og Bandaríkjunum og undirbúningi þeirra að nýrri heimsstyrjöld. Gegn erlendri ásælni gagnvart Íslandi og flæði erlends auðmagns inn í landið. Fyrir sjálfræði og sósíalisma.

Einingarsamtök kommúnista (marx-lenínista) í iðnnemahreyfingunni.

Bónuskerfið í BÚR:

„Tökum ekki afstöðu" - segir Þórunn Valdimarsdóttir

"Við í Framsókn erum alltaf algerlega hlutlausar í svona málum: Leggjum bara dæmið fram eins og það liggur fyrir og pínum ekki einn né neinn til að taka afstöðu með eða á móti. Við höfum því ekki blandað okkur í umræðurnar hjá Bæjarútgerðinni um bónuskerfið, en að mér vitandi hefur hins vegar aldrei verið unnið eins vel að undirbúningi bónuskerfis og hjá BÚR".

Þetta sagði Þórunn Valdimarsdóttir, formaður Verkakvennafélagsins Framsóknar, í samtali við VB. Blaðið spurði hana um meintan þátt forystu Framsóknar í því að fegra bónuskerfið fyrir starfsfólki í Bæjarútgerð Reykjavíkur. Ekki vildi Þórunn meina að hún hefði átt þátt í því.

Í VB hefur verið skrifað um tilkomu bónuskerfis í BÚR, en ranglega var skýrt frá því að það hefði verið tekið alfarið upp. Hins vegar var samþykkt, með 96 atkvæðum gegn 61, að taka bónusinn upp til reynslu í hálfan mánuð og kjósa síðan um það á ný. Þegar þetta er skrifað er ekki búið að kjósa á nýjan leik. Heimildarmaður VB í BÚR, sagði engan vafa leika á því að tillagan um bónuskerfið hafi fengið þann hljómgrunn sem atkvæðagreiðslan ber með sér, vegna þess að atvinnurekendur og verkalýðsforystan hafi haldið uppi stífum áróðri fyrir kerfinu. Þórunn sagði að "hlutlausir" aðilar hefðu skýrt málið fyrir fólkinu og síðan hefði fólkið tekið lýðræðislega afstöðu til málsins.

"Þið hafið stundum nagað ómaklega í bakið á mér í þessu Verkalýðsblaði", sagði Þórunn að lokum. "Ég vil vera og ég tel mig vera verkalýðssinna, en ekki pólitíkus".

Verkalýðsblaðið hvetur verkafólk í BÚR til að athuga sinn gang áður en það samþykkir bónuskerfið, því að reynslan sýnir að slíkt kerfi leiðir til mjög aukins vinnuálags á verkafólkið, snöggtum verra andrúmslofts á vinnustaðnum - og stóraukins gróða atvinnurekandans.

„Samningana í gildi" rétt krafa eða röng?

Verkalýðsblaðinu hefur borist stutt bréf um kjaramálastefnu EIK(m-l) og Verkalýðsblaðsins, sem ritstjórn telur mikilvægt að lesendur lesi gaumgæfilega og velti fyrir sér. Vonandi er þetta upphaf að blómlegum umræðum um verkalýðsmál í blaðinu. Sendið línu um málið.

"Mér datt í hug að senda blaðinu nokkrar línur í tilefni af kjarakröfum Verkalýðsblaðsins síðastliðið sumar. Þá stóð verkafólk um allt land í baráttu fyrir því að atvinnurekendur og ríkisvald þeirra stæðu við gerða kjarasamninga, og verkalýðshreyfingin setti fram kröfu sína "samningana í gildi", svo sem kunnugt er. Á sama tíma tel ég Verkalýðsblaðið ekki hafa verið í takt við baráttuna, en blaðið hélt sig alfarið við kröfurnar um sama kaupmátt og náðist í febrúarsamningunum 1974(að krónutölu um 150 þús. í lágmarkskaup fyrir dagvinnu 1.maí s.l., en í október er þessi tala orðin nálægt 180 þús. kr.). Ég tel að þessi krafa hafi í vetur og vor verið langt umfram það sem baráttan úti í atvinnulífinu stóð um. Hefði ekki verið réttara fyrir EIK(m-l) og Verkalýðsblaðið að taka þátt í baráttunni um "samningana í gildi", og reyna jafnframt að standa gegn margendurteknum svikum forystumanna Alþýðusambandsins og Verkamannasambandsins á efnd krafna verkafólks? Því að þó þeir styddu kröfuna í orði þá studdu þeir hana ekki í verki og gera ekki enn. Og nú er svo komið að þeir hafa endanlega undirstrikað svikin með því að samþykkja skertar vísitölubætur á allt kaup og jafnframt að reyna að drepa niður alla baráttu úti á vinnustöðunum. Í svona tilfellum þurfum við verkalýðsflokk sem styður baráttu verklýðsstéttarinnar og er fær um að veita henni leiðsögn.

Með þökk fyrir birtinguna og von um að þið verðið með í baráttunni næst".

Iðnnemi

Einokunarhringirnir ráða aðgerðum stjórnarinnar

Sjómenn hafa löngum krafist þess að Verðlagsráð birti þann grundvöll sem það notar við ákvörðun almenns fiskverðs. Þá verða þær kröfur stöðugt háværari að kannað verði hverjar raunverulegar sölutekjur dótturfyrirtækja SH og SÍS erlendis eru og hve stór hluti þeirra er fluttur aftur hingað heim.

Þetta er nú rifjað upp í tilefni þess að yfirnefnd hefur nú með atkvæðum fulltrúa kaupenda og fulltrúa ríkisvaldsins ákveðið fiskverð sem gildir fram til áramóta. Með því er ljóst að hækkanir á fiskverði á árinu halda varla nema til hálfs í við verðbólguna. Kjör sjómanna hafa því verið skert gífurlega á árinu. Ofan á það bætist svo versnandi hagur báta-útgerðarinnar, svo ver gengur hjá mörgum sjómönnum að innheimta laun sín. Það er vert umhugsunarefni fyrir sjómenn að fulltrúi ríkisvaldsins í Verðlagsráði er þar að framfylgja stefnu vinstri stjórnarinnar. Þessi verðákvörðun sem og aðrar aðgerðir nýju stjórnarinnar sýna æ betur hverra hagsmuna hún gætir. Gengisfellingin, ráðstöfun gengishagnaðar og fyrirhuguð vaxtalækkun til atvinnufyrirtækja eru allt dæmi um það hvernig einokunarhringairnir ráða aðgerðum stjórnarinnar.

Á hinn bóginn notar stjórnin sér ítök sín í forystu verkalýðshreyfingarinnar til að lama alla baráttu launafólks. Forysta ASÍ hefur nú sent bréf til allra aðildarfélaga ASÍ (m.a.

Framhald á bls.2



- Ég vil strax taka það fram, að ég er ekki félagi í EIK (m-l) og er ósammála ýmsum stefnumálum samtakanna. Hins vegar er afstaða Einingarsamtakanna til ítaka alþjóðlegs auðmagns á Íslandi, og eindregin þátttaka samtakanna í sjálfræðisbaráttunni, mér að skapi. Ég lít því á þetta viðtal sem framlag til þeirrar baráttu.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Ísland:

„Ítök sjóðsins ógna efnah sjálfræði landsins"

-segir Elías Davíðsson í viðtali

Verkalýðsblaðið hefur frá upphafi varið talsverðu rúmi til að styðja við baráttu sem beinist að vörn pólitísks og efnahagslegs sjálfræðis Íslands. Sjálfræðið á í vök að verjast; Borgarastéttin reynir stöðugt að opna landið meira fyrir erlendu auðmagni, auðlindir á sjó og landi eru seldar/jafnvel gefnar, fyrir stundargróða.

Blaðið fór þess nýlega á leit við Elías Davíðsson, kerfisfræðing, að hann nefndi í viðtali einhver ákveðin dæmi um hættuna sem sjálfræði Íslands er búin og var það auðfengið:

- Ég vil strax taka það fram, að ég er ekki félagi í EIK (m-l) og er ósammála ýmsum stefnumálum samtakanna. Hins vegar er afstaða Einingarsamtakanna til ítaka alþjóðlegs auðmagns á Íslandi, og eindregin þátttaka samtakanna í sjálfræðisbaráttunni, mér að skapi. Ég lít því á þetta viðtal sem framlag til þeirrar baráttu.

Elías hefur sankað að sér ógrynni upplýsinga um ítök auðhringa á Íslandi, tengsl íslenskrar borgarastéttar við erlenda auðmagnsrisa o.fl. Viðtalsefniviðurinn reyndist því ærið yfirgripsmikill, og blaðsíðurnar í Verkalýðsblaðinu allt of fáar! En við ákváðum að afmarka eitt ákveðið efni, þ.e. svokallaðan Alþjóðagjaldeyrissjóð (hér á eftir skammstafað IMF, sem stendur fyrir International Monetary Fund), og fjalla allítarlega um hann. Hvað er IMF og hver hans ítök eru í íslenskum fjármálaheimi?

HVAÐ ER IMF OG HVER ER TILGANGUR HANS?

IMF er stofnaður vegna frumkvæðis Bandaríkjanna árið 1944 og eru Bandaríkin enn þann dag í dag stærsti hluthafi í sjóðnum (Bandaríkin áttu tæplega 30% árið 1976). Þótt rúmlega 100 ríki séu aðilar að IMF eiga Bandaríkin, Efnahagsbandalagslönd og Japan meirihluta atkvæða í sjóðstjórn, en Bandaríkin ein sér hafa neitunarvald þar varðandi meiriháttar ákvarðanir. Þau hafa því í raun tögl og hagldir í sjóðnum. Markmið IMF er skráð fögrum orðum í stofnsáttmála, sem kenndur er við Bretton Woods, þar sem hann var undirritaður:

1. "Að stuðla að almennri samvinnu í gjaldeyrismálum"
2. "Að auðvelda vöxt og viðgang alþjóðaviðskipta"
3. "Að stuðla að fjölþættu greiðslukerfi milli sjóðsaðila, afnema gjaldeyrishömlur, sem hindra vöxt alþjóðaviðskipta"
4. "Að veita aðilum aðgang að fjármagni sjóðsins - með skilmálum - til að draga úr erfiðleikum í greiðslustöðu, svo að viðkomandi aðilar þurfi ekki að gera ráðstafanir sem koma niður á velferð innanlands og á alþjóðavettvangi".

En hvað býr í raun og veru á bak við þessa fögru orðaþoku ?

Elías: - Raunverulegur tilgangur IMF er að gera hin veikari þátttökuríki í sjóðnum (þ.e. meirihluta þeirra) sem háðust alþjóðlegu einokunarfjármagni. Þetta kallast sbr. 2. lið að framan "að auðvelda vöxt og viðgang alþjóðaviðskipta". Sjóðurinn nær tilgangi sínum aðallega með því að skuldbinda aðildarríkin til að lúta forsjá sjóðsins hvað varðar gengisskráningu hans og banna þeim að innleiða takmarkanir á notkun gjaldeyris. Séu hömlur á notkun gjaldeyris afnumdar í ríkjum, sem eru efnahagslega veik og lítt iðnvædd, lenda þau fljótlega í greiðsluhalla gagnvart útlöndum m.a. vegna mikillar eftirspurnar eftir innfluttum vörum. Samkvæmt 4. lið að ofan er sjóðurinn reiðubúinn að jafna greiðsluhallann með tímabundnum lánum, sem eru þó bundin skilyrðum um framkvæmd efnahagsráðstafana, sem hann telur að muni rétta af greiðsluhallann. Hugmyndir sjóðsins um lausn greiðsluhallans leysa hins vegar ekki vandann, enda ekki ætlast til í raun og veru að þær geri það. Í stað þess að stuðla að sjálfstæðri uppbyggingu framleiðslugreina í þeim ríkjum, sem eru sífellt í greiðsluerfiðleikum, bannar sjóðurinn að setja takmarkanir á notkun gjaldeyris (og þar með á stjórn utanríkisviðskipta). Tilmæli sjóðsins eru öll á þá lund, að láta vinnandi stéttir bera þungann af ráðstöfunum með lækkuðum kjörum, gengisfellingu og hækkuðum vöxtum. En þar sem verkfallsréttur er lögbundinn, leiða tilmæli sjóðsins iðulega til endalausrar verðbólgu vegna baráttu launafólks til að viðhalda kjörum sínum. Slík þróun viðheldur auðvitað greiðsluhallanum, sem er mætt með nýjum lánum frá IMF eða öðrum lánastofnunum. Þessa hringrás hefur IMF skapað með mikilli fyrirhyggju við samningu stofnsáttmálans 1944. Nú eru æ fleiri þjóðríki flækt í skuldagildru IMF og fleiri bætast í hópinn ár hvert.

IMF grípur sem sagt inn í yfirstjórn efnahagsmála ríkja, skiptir sér af gjaldeyris-, vaxta-, kjara-, skatta- og ríkisfjármálum, allt eftir efni og aðstæðum. Systurstofnun IMF - hinn svokallaði Alþjóðabanki - grípur hins vegar inn í rekstur og skipan einstakra ríkisfyrirtækja og stuðlar að því að þau verði rekin sem einkafyrirtæki háð alþjóðlegu lánsfjármagni. Ég fullyrði, og mun á næstunni færa rök að því, að Landsvirkjun er í raun rekin sem dótturfyrirtæki Alþjóðabankans, en ekki af formlegum eigendum sínum, ríkinu og Reykjavíkurborg. En út í þá sálma verður ekki farið hér. IMF er talin vera valdamesta alþjóðlega stjórnin sem fyrirfinnst í auðvaldsheiminum, og jafnvel einföld aðild að sjóðnum gefur honum vald til að skipta sér af ýmsum innanlandsmálum. Aðeins hernaðarvél Bandaríkjanna er að mínu áliti jafnvoldug og valdakerfi IMF í dag. Ítök IMF í ótal ríkjum hafa oft komið í veg fyrir að bandarískir heimsvaldasinnar hafi þurft að beita beinni hernaðaríhlutun til að varðveita hagsmuni sína.

UM ÍTÖK IMF Á ÍSLANDI

VB: - Eru ítök IMF á Íslandi orðin það mikil, að þau ógni nú þegar sjálfræði landsins ?

Elías: - Tvímælalaust! Ég undirstrika, af gefnu tilefni, að ítök erlends auðmagns eru jafn hættuleg, hvort sem þau eru áþreifanleg og í formi beinna fjárfestinga (t.d. álverið, járnblendiverksmiðjan, IBM ...), eða í formi skilyrðisbundinna lána. Heildarskuld Íslands við IMF er nú um 20 milljarðar króna, en eins og menn vita hefur óhagstæðum viðskiptajöfnuði Íslands jafnan verið mætt með erlendum lántökum. Ísland skuldar nú IMF vegna þrenns konar lána: Í fyrsta lagi vegna svonefndrar "1. sneiðar", sem er 125% af hlutdeild Íslands í sjóðnum. Í öðru lagi vegna svokallaðs olíuláns. Í þriðja lagi vegna svokallaðs jöfnunarláns, sem á, að sögn IMF, að jafna sveiflur á útflutningi. Láninu skv. "1.sneið" fylgja væg skilyrði. Þá lætur sjóðurinn nægja að gera "tillögur" við stjórnvöld hvernig "lækna" megi efnahagsmeinið (þ.e. koma á greiðslujöfnuði við útlönd). Skilyrði er fylgja olíuláninu eru ekki opinberlega kunngerð en til að fá jöfnunarlán, er það skilyrði af hálfu sjóðsins, að yfirvöld viðkomandi ríkis hafi "samvinnu" við fulltrúa sjóðsins til að "lækna" meinið. "Lækningar" IMF eru undantekningarlaust á kostnað launafólks: Lækkun kaupmáttar, niðurskurður félagslegrar þjónustu, o.fl. Fari Ísland (eða annað ríki) upp fyrir "fyrstu sneið" vegna enn meiri greiðsluhalla við útlönd, þá setur IMF skýr og harkaleg skilyrði sem nefnd eru "Stand-by". Þegar svo er komið, er ekki lengur um "tillögur" að ræða, heldur um skipanir. Skv. skrifum IMF í fréttabréfum sínum eru "Stand-by" skipanir yfirleitt þessar: Hækkun vaxta til innlendra aðila, samdráttur opinberra framkvæmda og opinberrar þjónustu, afnám niðurgreiðslna á nauðsynjavörum, afnám takmarkana á gjaldeyrissölu, gengisfellingar, lagasetningar til að skerða kjör launafólks o.fl. Nokkur lönd hafa lent illilega í klóm IMF vegna greiðsluerfiðleika, t.d. Bretland, Portúgal, Perú, Zaire og Egyptaland. Í Perú og Egyptalandi voru skipulagðar víðtækar aðgerðir til að mótmæla afskiptum IMF af innanríkismálum og létu margir lífið í átökunum. Í Zaire skipaði IMF sína trúnaðarmenn til að gegna embættum ráðuneytisstjóra og bankastjóra.

Stjórn Alþjóða gjaldeyrissjóðsins.

Verði framhald á stefnu íslenskra stjórnvalda varðandi erlendar lántökur og frjálslyndi í gjaldeyrismálum og utanríkisviðskiptum, mun það leiða til hríðversnandi greiðslustöðu útávið. Til að mæta hallanum, yrði að auka skuldina hjá IMF með þeim afleiðingum, að sjóðurinn taki yfirstjórn efnahagsmála í sínar hendur. Slíkt mun þýða í raun að Ísland væri að nýja orðið að nýlendu, ef ekki að formi til, þá a.m.k. í reynd.

VB: - Er hægt að benda á bein dæmi um afskipti IMF af innanríkismálum á Íslandi ?

Elías: - Það er erfitt að benda á dæmi sem varða bein afskipti IMF af innanlandsmálum íslendinga. Hins vegar er hægt að leiða líkur að þessum afskiptum, bæði í ljósi reynslu annarra þjóða og vegna eigin skrifa sjóðsins og einnig vegna eðlis, umfangs og langdrægi þeirra IMF-skulda, sem hvíla á Íslandi. Mér er tjáð af embættismönnum Seðlabankans, að sérfræðingar IMF komi hingað af og til til að ræða við stjórnmálamenn og yfir-

menn fjármála. Í símtali, sem ég átti við Ólaf Jóhannesson, forsætisráðherra, þann 5. okt. s.l., tjáði hann mér að hann hefði tekið þátt í viðræðum við fulltrúa IMF í heimsókn þeirra í nóv. 1977. Hann vildi ekki viðurkenna að IMF-mennirnir kæmu og gerðu "tillögur", heldur orðaði hann það þannig, að þeir gerðu skýrslu er lýsti "skoðun" þeirra á efnahagsástandinu. Hann viðurkenndi þó að þeir hefðu lagt til að vextir yrðu hækkaðir hér en vildi alls ekki viðurkenna að bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar frá því í febrúar s.l., þ.m.t. riftun kjarasamninganna, hefðu verið sett vegna tilmæla IMF. Hins vegar sagði Ólafur að skýrslur IMF um efnahagsástandið hér væru algert trúnaðarmál, sem þjóðin mundi aldrei fá að sjá og kynna sér! Það verður því hver og

...agslegu

einn að gera það upp við sjálfan sig, hvort hann trúi því, að IMF hafi látið hjá líða að segja skoðun sína á kjaramálum á Íslandi eða ekki. Vald sjóðsins er gífurlegt. Ef aðildarríki ætla að hunsa tilmæli sjóðsins, þá er hætt við að hann setji viðkomandi ríki á "svartan lista" en slíkt mundi vera viðvörun til allra fjármálastofnana og banka í auðvaldslöndum um stöðvun á lánum til viðkomandi ríkis, þ.e.a.s. einnig skammtíma lánum. Þetta getur auðveldlega sett efnahagskerfi þeirra ríkja, sem háð eru að miklu leyti innflutningi í rúst. Það er m.a. með þessu móti, sem fjármálastofnanir auðvaldslandanna sköpuðu efnahagsöngþveiti í Chile, sem stuðlaði að valdatöku herforingjaklíkunnar þar.

IMF ER BAKHJARL EINOKUNARAUÐVALDSINS

VB: - Er þá illmögulegt eða ómögulegt að komast úr klóm IMF, þá ríki einu sinni eru orðin aðilar að sjóðnum ?
Elías: - Þessu get ég ekki svarað, þau fáu dæmi, sem til eru um úrsögn ríkja úr sjóðnum, eru ekki sambærileg við aðstæður okkar. Ég tel þó að skipan sjóðsins og heildarmarkmið hans séu ósamrýmanleg sjálfræði þjóða og þjóðríkjaskipan. Hins vegar er óhugsandi að verjast ágangi og auknum ítökum sjóðsins á meðan sárafáum hér er ljóst, hver langtímamarkmið sjóðsins eru. Verkalýðshreyfingin verður endilega að vakna úr dásvefni sínum hvað varðar hlutverk hennar í vörn sjálfræðis. Ég tel að einmitt afskipti sjóðsins og stefna hans í efnahagsmálum séu þess eðlis, að einlægir málsvarar launamann hljóta að verða svarnir andstæðingar sjóðsins. En jafnvel hluta borgarastéttar er ógnað af IMF.
VB: - Geturðu skýrt það nánar?
Elías: - IMF er bakhjarl einokunarauðvaldsins fyrst og fremst. Sjóðurinn krefst m.a. af lántökuríkjum (sem skilyrði fyrir lánum), að þau hækki vexti innanlands. Þessi ráðstöfun vegur að "þjóðlegum atvinnurekstri", þ.e. atvinnurekstri sem er í höndum innlendra aðila. Sá hluti borgarastéttarinnar sem rekur þennan "þjóðlega" atvinnurekstur, hefur ekki aðgang að erlendu lánsfjármagni (með lágum vöxtum). Hins vegar óttast Flugleiðir, Eimskip, Sölumiðstöðin og Sambandið - svo dæmi séu nefnd - ekki háa vexti á Íslandi. Þessir auðhringar hafa aðgang að erlendum lánamörkuðum í gegnum dótturfyrirtæki sín í öðrum löndum og önnur slík sambönd, svo og vegna velvildar ríkisvaldsins að heimila þeim erlendar lántökur. Þeim kemur það vel að keppinautum þeirra sé fækkað hér á landi t.d. með hækkun vaxta.

HVERNIG ER HÆGT AÐ KOMAST ÚR SKULDAGILDRU IMF

VB: - Að lokum Elías: Eins og þú hefur lýst þessum málum, virðist útlitið ekki bjart. Hvað ber að gera ?
Elías: - Ég tel að Ísland eigi ekki að taka þátt í störfum sjóðsins, heldur forðist samskipti við hann eins og heitan eld, eða jafnvel ganga úr honum. Til þess að stjórnvöld taki sig til og breyti afstöðu sinni til IMF, þurfa þau að finna til þrýstings frá almenningi í landinu. Ég treysti ekki borgarastéttinni í landinu til að rísa gegn IMF, þótt sjóðurinn sé smærri auðmönnum ekki sérlega vinveittur. Eðli sínu samkvæmt reyna kapítalistar að laga sig að og sætta sig við drottnunarstöðu hins alþjóðlega fjármálaheims. Ef rekstrarafkomu innlends atvinnufyrirtækis er ógnað, t.d. vegna ráðstafana sem voru gerðar að undirlagi IMF, þá grípa innlendir kapítalistar yfirleitt til þess ráðs, að gefa sig á vald erlends fjármagns og gerast umboðsmenn þess hér.
VB: - En hvað þá með verkalýðshreyfinguna ?
Elías: - Mér er fullljóst, að aðeins fámennur hópur fólks í landinu gerir sér ljósa hættuna sem okkur er búin af IMF. Til að stækka þennan hóp, sé ég aðeins eina leið, þ.e. að fá verkalýðshreyfinguna til að tengja betur almenna baráttu sína við baráttuna til varnar sjálfræðinu, öðru nafni efnahagslegu sjálfstæði. Það er ýmislegt er lýtur að ítökum erlendra fjármálastofnana ekki síður IMF (og Alþjóðabanka) sem væri eðlilegt og tímabært að verkalýðshreyfingin setti á oddinn strax, án þess þó að krefjast róttækra aðgerða s.s. úrsagnar úr IMF.
Okkur ber t.d. að berjast fyrir því, að stjórnvöld og forráðamenn Seðlabankans skýri opinberlega frá öllum samskiptum sínum við sjóðinn, birti skýrslur IMF um efnahagsmál Íslendinga og beri tillögur, tilmæli eða skilyrði IMF undir löggjafann og undir samtök launafólks í landinu. Það er alveg óþolandi, að stofnun vestur í Washington, sem enginn hér hefur kosið yfir sig og sem vinnur í þágu bandarískrar heimsvaldastefnu, skuli hlutast til um efnahagsmál Íslendinga bak við alla opinbera umræðu og í trássi við grundvallarreglur borgaralegs lýðræðis.
Verkalýðsblaðið þakkar Elíasi fyrir viðtalið.

Baráttuhreyfing 1.des.: Starfið er hafið

Þann 26.okt.nk. verður haldinn liðsfundur í Baráttuhreyfingu 1.des. Fundurinn verður að Hótel Esju, 2.hæð, og hefst kl. 20.3o stundvíslega.
Á dagskrá verður :
1. Fræðsluerindi um sjálfræðisbaráttuna fyrr og nú.
2. Umræður um starfið.
3. Menningar- og skemmtiefni.

FRAMKVÆMDANEFND

Á stofnfundi hreyfingarinnar, sem haldinn var 4.okt. sl. var kosið í framkvæmdanefnd hennar. Hægt er að hafa samband við hreyfinguna með því að tala við formann framkvæmdanefndarinnar, Guðmund Sæmundsson, s. 82457, eða Öldu B.Marínósdóttur, s. 84591.

STARFSNEFNDIR

Fimm starfsnefndir hreyfingarinnar eru farnar af stað, en þær eiga það þó flestar sammerkt að í þær vantar fólk. Nefndirnar eru : skemmtinefnd - vinnslunefnd - dreifingarnefnd - húsnefnd - skreytinganefnd. Félagar, gefið ykkur fram til starfa !

VÍGORÐ

Baráttuhreyfing 1. desember er stofnuð á grundvelli fjögurra vígorða :
1. Verjum sjálfræði Íslands !

2. Gegn erlendri stóriðju !
3. Ísland úr NATÓ - herinn burt !
4. Gegn heimsvaldastefnu og stríðsundirbúningi risaveldanna, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna !

Næsti liðsfundur 26.okt

Áskrifta og lausasöluherferð

ÁSKRIFTAHERFERÐ

Komin eru inn 15 % af markmiðinu. Suðurland hefur tekið glæsilega forystu og er þegar komið með 50 % af settu markmiði. Fordæmi stuðningsmanna Verkalýðsblaðsins á Suðurlandi sýnir að það er auðvelt að fá fólk til að gerast áskrifendur. Ráðlegging : Bjóðið áskrift og undirstrikið nauðsyn áskrifta og mikilvægi þess að áskrifendur séu virkir í uppbyggingu blaðsins með því að senda okkur gagnrýni á innihald þess og senda greinar.
Í síðustu áskriftaherferð gerðum við þá villu að fara of hægt af stað í byrjun, þannig að meginþunginn kom á síðustu vikur herferðarinnar. Þessa villu verðum við að forðast nú. Vinnum markvisst og skipulega frá upphafi, þannig tryggjum við að góður árangur náist. Bjóðið sem flestum kaupendum áskrift, leitið til vinnufélaga, kunningja og ættingja og ræðið við þá um áskrift.

LAUSASÖLUHERFERÐ

Sölumenn Verkalýðsblaðsins, skilið inn peningum eins fljótt og mögulegt er. Við höfum aðeins fengið inn sem svarar 25 % af settu marki fyrir 18.tbl. Af 17. tbl. seldust blöð sem nemur 70 % af núverandi markmiði.
Stjórn herferðarinnar vill benda á eftirfarandi atriði til leiðbeiningar : Salan verður að vera skipulögð samkvæmt áætlun. Herferðin verður að byggjast á átaki umfram venjulega sölu. Rétt er að selja blaðið á mannamótum, svo sem íþróttakappleikjum, fundum hagsmunasamtaka eða stjórnmálasamtaka og á fleiri stórum vinnustöðum. Fylgist vel með auglýsingum og fréttum í fjölmiðlum varðandi fundahöld o.þ.h. Notið burstir (tréspjöld á fótum) og pappaspjöld til að bera framan á sé sér með góðum auglýsinga texta, þegar blaðið er selt á mannamótum. Líflega sala á mannamótum vekur athygli fólks á blaðinu og um leið áhuga fólks á að kynnast því. Sem dæmi um líflega sölu má nefna að nokkrir stuðningsmenn blaðsins tóku sig til og fóru með burst, gítar o.fl. niður í miðbæ og sungu þar baráttusöngva á meðan aðrir kynntu Verkalýðsblaðið meðal fólks. Á stuttum tíma seldust um 40 blöð í stað 10-20 eins og áður. Burstir og spjöld fást að Óðinsgötu 30 í Reykjavík á opnunartíma Októberbókabúðarinnar, en á Akureyri að Spítalavegi 17. Upplýsingar um laus sölusvæði í Reykjavík fást hjá dreifingu Verkalýðsblaðsins að Baldursgötu 7A á skrifstofutíma, mánudögum milli kl. 18 og 19. Þar er einnig hægt að fá allar upplýsingar um herferðirnar og góð ráð.



Við minnum á að sölumenn eiga að reyna að selja blaðið út á ákveðið efni í því, t.d. ákveðna grein, fremur en að segja "Verkalýðsblaðið" með stuttu millibili.
Sölumenn, sendið okkur upplýsingar um aðferðir sem reynast vel í sölu og öflun nýrra áskrifenda. Þannig geta aðrir nýtt sér góða reynslu ykkar í sölustarfinu.
Takið á, félagar og vinir !

1. okt. '78 - 1. jan '78

Lönd vilja sjálfstæði - þjóðir vilja frelsi - alþýðan vill byltingu

DEILUR Í HEIMS HREYFINGU MARX-LENÍNÍSTA

Árásir Albana á leiðtoga Kína

Í 17.tölublaði hóf VB birtingu á köflum úr greinargerð utanríkisfulltrúa miðstjórnar EIK(m-l) um deilumál í heimshreyfingu marx-leníníста, fyrst og fremst gagnrýni og árásir leiðtoga Albaníu á kínverska kommúnista og aðra fylgjendur kenninga Maós formanns um heimana þrjá. Síðari hluti greinargerðarinnar birtist í næstu tbl. og eru lesendur hvattir til að kynna sér þetta mikilvæga mál. Best gagn er af því að halda til haga öllum köflum greinargerðarinnar og lesa þá í samhengi þegar allir hafa birst.

4. ENN UM SOVÉTRÍKIN

Kínverjar eru aftur sakaðir um reikanda í baráttunni gegn endurskoðunarstefnunni. Nú með því að stöðva um sinn gagnrýni sína á Sovétríkin og senda fulltrúa á þing Kommúnistaflokks Sovétríkjanna 1964, þegar Krúsjoff var steypt og Brésnef tók við. Krúsjoff var gefið ýmislegt að sök og Kreml verjar reyndu að sveipa þá gagnrýni leníniskri hulu.

"Menningarbyltingin tók oftar en ekki á sig mynd ómarkvissar baráttu sem ekki var leidd af raunverulegum verkalýðsflokki, sem beröist fyrir stofnun alræðis öreiganna. Þetta, þessir árekstrar hagsmunaklíkna, endaði með því að í Kína er stofnað ríkisvald að mestu í höndum burgeisa og endurskoðunarsinna".

En í áðurtilvitnaðri ræðu sagði Enver Hoxha um menningarbyltinguna (bls. 29):

"Óviðjafnanlegt byltingarástand er skapað í Kínverska alþýðulýðveldinu með hinni miklu menningarbyltingu öreiganna, eftir hvatningu og leiðsögn félaga Maós Tsetungs. Í ferli þessarar byltingar hefur fjöldinn, með hundruð milljóna styrk, afhjúpað og gert að dufti og ösku svikaklíku Líu Sjaósís, gert að engu gagnbyltingarsamsæri svikarans, sérgæðingsins og útsendara sovésku endurskoðunarsinnanna, Lín Píaós, staðið vörð um sigra byltingarinnar, styrkt alræði öreiganna....."

Hér er því enn um að ræða kúvendingu í afstöðu albanskra leiðtoga.

6. "LOKAÐAR DYR"

Kínverjar eru sakaðir um einangrunarstefnu í utanríkismálum ("close-door policy"), og Albanir segjast hafa hvatt þá til að auka utanríkissamskipti sín, sérlega við nágrannaríkin. Ekki er ljóst við hvað er átt. Lín Píaó og "fjórmenningarnir" gátu á sínum tíma skaðað að nokkru utanríkisstefnu Kína, en á hinn bóginn er ljóst að Kínverjar hafa síðasta áratug aukið samskipti sín við önnur ríki, ekki síst nágrannaríkin, enda var það stefna Maós Tsetungs og Sjú Enlæs.

7. VARNIR ALBANÍU

Sjú Enlæ er fordæmdur fyrir að hafa lagt til að Albanía leitaði eftir varnarsamstarfi við Rúmeníu og Júgóslavíu, og byggði á skæruhernaði og alþýðustríði varnir sínar gegn mögulegri árás risaveldanna. Þetta gerðist að sögn 1968. Hvað gerðist fleira það ár? Jú, Sovétríkin réðust inn í Tékkóslóvakíu. Rúmenar og Júgóslavar óttuðust svipaðar aðgerðir gegn sér. Það gerðu Albanir einnig, en þetta ár sögðu þeir formlega skilið við Varsjárbandalagið, þó þeir hefðu um tíma engan þátt tekið í störfum þess. Hvað er því óeðlilegt við að þessi ríki leituðu samvinnu sín á milli gegn ógnunum Sovétríkjanna?

Hugmyndin um skæru- eða alþýðustríð sýnist albönsku leiðtogunum einnig fráleit ef marka má bréfið. Það þarf þó varla hernaðarsérfræðing til að sjá að þannig stríð er sigurstranglegast fyrir þá. Fyrir því eru öflugar heðir í Albaníu síðan í frelsisstríðinu, og landslag heppilegt. Að safna öllum herstyrk gæti varla endað með öðru en blóðugum ósigri og gífurlegum fórnum.

Bequir Ballaku, meðlimur í pólitískri framkvæmdanefnd FVA studdi að sögn þessar hugmyndir Kínverja. Ballaku var dæmd ur 1974 sem "útsendari endurskoðunar- og heimsvaldasinna" sem áætluðu að binda endi á sósíalismann í Albaníu með vopnaðri innrás fjandsamlegs ríkis endurskoðunarsinna. Séu ásakanirnar í bréfinu bornar saman við uppgjörið við Ballaku í ræðu Hoxha á 7. þingi FVA 1976, sést að hér er átt við Kína. Ekki getur verið um Rúmeníu eða Júgóslavíu að ræða, því í bréfinu segjast Albanir ekki vita hvort þeim var gerð grein fyrir hugmyndum um varnarbandalag þessara þriggja ríkja. Hafi albanskir ráðamenn litið á Kína sem fjandsamlegt ríki 1974, má segja að "gott er að hafa tungur tvær..." sbr. það sem Hoxha segir í ræðunni sem vitnað var í hér að framan, en hún var flutt það ár.

Hugmyndin um vopnaða innrás Kínverja í Albaníu og ásakanir um að þeir ógni friðn um á Balkanskaganum er út í hött. Kínverjar reyna að "stokka spilin og kynda ófriðarbál" á Balkanskaganum er útlegging albönsku leiðtoganna á stuðningi Kínverja við Rúmena og Júgóslava, þær þjóðir A-Evrópu sem helst veita risaveldunum viðnám! Svo sannarlega geta sósíalheimsvaldasinnar glaðst yfir þessari afstöðu.

Kveðja til miðstjórnar Kommúnistaflokks Kína og stjórnar Kínverska alþýðulýðveldisins.

Í tilefni 29 ára afmælis stofnunar Alþýðulýðveldisins Kína, senda Einingarsamtök kommúnista (marx-lenínistar) - EIK(m-l) - sínar innilegustu baráttukveðjur.

Alþýðulýðveldið Kína hefur allt frá stofnun staðið í fylkingarbrjósti í baráttu öreiga heimsins og kúgaðra þjóða og alþýðu fyrir frelsi, sjálfstæði og sósíalisma. Undir leiðsögn mikilla byltingarmanna, eins og Maós Tsetúngs formanns, Tsjó Enlæs forsætisráðherra og nú Húa Kuo-fengs formanns, hefur Kommúnistaflokkurinn og alþýða Kína byggt upp sósíalískt þjóðfélag í Kína og varið marx-lenínismann og kenningar Maós Tsetúngs.

Við viljum sýna stuðning okkar og láta í ljós óskir okkar um velgengni ykkar og kínverskrar alþýðu.

Lengi lifi vináttan milli kínverskrar og íslenskrar alþýðu og kommúnista!

Lengi lifi marx-lenínismin og kenningar Maós Tsetúngs !

Gæfuríka framtíð fyrir sósíalískt Kína!

Víetnömsk yfirvöld reka grófa kynþáttastefnu

Víetnömsk yfirvöld reka grimmilega kynþáttamisréttisstefnu gagnvart þjóðernisminnihlutum í Víetnam. Þekktust er framkoma þeirra gagnvart kínverjum í Víetnam og hefur Verkalýðsblaðið fjallað ýtarlega um það. Því miður er þetta ekki eina dæmið um fasíska kynþáttamisréttisstefnu þeirra. Í Víetnam lifa gífurlega margir þjóðernisminnihlutar og er sennilega svipaða sögu að segja af afkomu þeirra og af Khmer-þjóðflokknum, sem býr á svæðinu Kampútsea Krom.

Khmer þjóðflokkurinn á Kampútsea Krom héraðinu hefur byggt þetta svæði frá aldaöðli. Um langan aldur hefur hann þurft að þola kúgun og misrétti af lénsherrum Víetnams, og virðist sem núverandi valdhafar í Víetnam ætli að halda þeirri "hefð" við, og e.t.v. ganga enn lengra. Notaðir hafa verið allar mögulegar aðferðir til að útmá sannanir fyrir rétti þjóðflokksins til Kampútsea Krom héraðsins:

Víetnömsk yfirvöld hafa breytt Khmernöfnum á þorpum, bæjum og sveitum héraðsins í víetnömsk nöfn. Þau hafa jafnvel breytt nafni Khmer þjóðarinnar í "Kho Me". Þau hafa falsað fjölda Khmer-þjóðflokksins, og segja hann nema aðeins 800 þúsundum. Það sanna er að hann nemur 4 milljónum, og víðast er Khmerfólkið mikill meirihluti íbúa svæðisins.

Yfirvöld Víetnams hafa látið handtaka og drepa marga af Khmerættum, einkum æskufólk. Þetta hafa þau gert m.a. á þann hátt, að ungir menn hafa verið þvingaðir í herinn, og síðan sendir út í dauðann í árásum hersins á Kampútseu. Þá hafa nokkrir verið teknir af lífi leynilega. Yfirvöld hafa þvingað stóra hópa Khmerfólks til að búa á sérstaklega ófrjósömum landsvæðum, þar sem þeirra bíður ekkert annað en hungurdauði. Þá hafa hersveitir frá Norðurhlutanum verið sendar til svæðisins, og hverri fjölskyldu gert skylt að fæða tvo hermenn. Íbúarnir hafa þurft að þola hrottalega framkomu hersins, s.s. nauðganir og hvers kyns skemmdarverk.

Síðast en ekki síst, vinnur stjórn Víetnams kerfisbundið að því að eyðileggja alla menningu og siði Kampútseönsku þjóðarinnar meðal þessa fólks. Skólum sem kenna á Khmer-máli hefur verið lokað, fólki bannað að ganga í klæðnaði samkvæmt Khmerískri hefð o.s.fr.

Þetta eru syndir fasískrar stefnu víetnamskra yfirvalda gagnvart Khmer þjóðflokknum og öðrum þjóðernisminnihlutum í Víetnam. Vitanlega hefur þessu verið mætt með harðri andstöðu Khmer fólksins, og sumir hafa neyðst til að flýja til Kampútseu.

Andstaða og barátta Khmer þjóðflokksins hefur víða hlotið samúð og stuðning víetnamskrar alþýðu, og þó sérstaklega frá öðrum þjóðernismönnihlutum, sem einnig hafa orðið fyrir barðinu á hinni grimmilegu kynþáttastefnu yfirvalda.

Æskulýðurinn er framtíð Kamputséu. Æskan tók fullan þátt í að vinna sigur á innrás bandarísku heimsvaldastefnunnar og **hún er staðráðin í að verja unnið frelsi.** (Mynd:The Call)

Athugasemdir við tillögur til landsráðstefnu SHA

21.-22.okt. nk. verður hin árlega landsráðstefna Samtaka herstöðvaandstæðinga (SHA). Í síðasta tbl. Verkalýðsblaðsins var birt yfirlýsing EIK(m-l) varðandi framkomnar tillögur um lagabreytingar. Á komandi ráðstefnu verða lagðar fram margvíslegar tillögur um starf SHA næsta árið. Búast má við tillögum um að SHA knýi á um þjóðaratkvæðagreiðslu um hersetuna og aðildina að Nato, og um að SHA berjist fyrir friðlýsingu N- og NA-Atlantshafsins, og fyrir efnahagslegri einangrun hersins á Miðnesheiði.

- ÞJÓÐARATKVÆÐI

Því fer víðs fjarri að SHA séu undir það búin að berjast til sigurs í baráttu þeirri sem þjóðaratkvæðisgreiðslu fylgir. Skipulagslega eru samtökin veik og þau ná ekki að skipuleggja allan þann stóra fjölda sem er fús til þess að taka þátt í störfum SHA. Því þarf að bæta skipulag SHA, og tillögur Kópavogshóps samtakanna miða einmitt að því. Auk þess eru SHA pólitísk veik - ágreiningur er um starf og stefnu sem þarf að ræða út og ná einingu um rétta stefnu á grundvelli trausts skipulags. Það er forsenda góðrar fjöldastefnu. Því verða SHA að sinna eigin uppbyggingu miklu meira, en láta stór verkefni sem þjóðaratkvæðagreiðslu bíða. Auk þess þarf að gaumgæfa mikið betur hvað felst í þjóðaratkvæði. T.a.m. má benda á, að úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu á Íslandi eru ekki bindandi fyrir stjórnvöld. Því er barátta fyrir þjóðaratkvæði fyrst og fremst aðferð til að koma áróðri okkar á framfæri og til að kanna liðstyrk okkar - en ekki gulltryggð leið til að koma hernum úr landi, og Íslandi úr Nató.

- En sníðum okkar stakk eftir vexti - og látum svo viðamikið mál sem þjóðaratkvæði bíða uns SHA eru skipulagslega og pólitískt nægilega sterk til að takast á við þetta verkefni.

FRIÐLÝSING

Hugmyndir um friðlýsingu N-Atlantshafs eru ákaflega grunnhyggnar, og eiga helst skylt við óskadraum en ekki baráttu. Það er sjálfsagt að SHA vinni að því að afhjúpa vígbúnað risaveldanna, en friðlýsing N-Atlantshafs verður aldrei meira virði en nákvæmlega að því marki sem risaveldin sjálf vilja. Til er reynsla m.a. frá Indlandshafi hvað það varðar. SHA geta lýst yfir stríði á hendur öllum er ógna eða ásælast réttmæt yfirráð Íslendinga yfir eigin landi og landhelgi. Í slíkri yfirlýsingu er fólgin einörð afstaða gegn allri heimsvaldastefnu.

EFNAHAGSLEG EINANGRUN HERSINS.

Hugmyndir um efnahagslega einangrun hersins eru líka ákaflega grunnhyggnar. Við getum afhjúpað stórgróðabrask og spillingu íslenskra auðherra varðandi herinn, en staðreyndin er sú, að eina leiðin til að uppræta gróðabraskið og skera á tengsl íslenskra auðherra við herinn er að koma hernum úr landi !

Það á við um bæði efnahagslega einangrun hersins og friðlýsingarhugmyndirnar, að þetta eru minni háttar mál, sem við getum notað upp að vissu marki sem lið í áróðri okkar, en við verðum að berjast með kjafti og klóm gegn því að þessi mál verði gerð að höfuðbaráttumáli SHA. Þessar hugmyndir eru runnar undan rifjum Alþýðubandalagsmanna, fyrst og fremst. Nú þegar Alþýðubandalagið situr í ríkisstjórn hefur það kosið að svíkja málstað SHA, og ef þessi ofangreind mál verða sett á oddin í baráttu herstöðvaandstæðinga þýðir það að ráðist er gegn fjöldastarfi SHA en málin svæfð inná þingi og á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Herstöðvaandstæðingar ættu að vera sér meðvitaðir um að Alþýðubandalagið hefur gert friðarsáttmála við hernámssinna og Nató-vini, þ.e. íslenskt auðvald, og við verðum að berjast gegn því að því takist að hengja SHA aftaní þingræðisstefnu sína og málefnasáttmála ríkisstjórnarinnar.

Albert Einarsson: „Styð ekki tillögur Elíasar og fleiri"

Verkalýðsblaðið spurði Albert Einarsson að því hvers vegna hann hafi gerst meðflytjandi lagabreytingartillagna þeirra sem Elías Davíðsson og fleiri hafa lagt fram, innan SHA.

A.E. Ég gerði það vegna þess að ég hafði lítið ráðrúm til að íhuga tillögurnar, þar sem skilafrestur var að renna út. Ég gerði þá villu að meta tillögurnar aðeins almennt og sást þá yfir þau atriði sem gera það að tillögurnar eru í raun slæmar. En þrátt fyrir það eru ákveðin atriði í tillögunum sem ég styð eindregið, t.d. kveða þær skýrt á um að verkefni SHA er að standa vörð um sjálfræði Íslands. Þau atriði sem mér yfirsást eru einkum þau að tillögurnar fela í sér starfræna breytingu sem leiðir til þess að slagkraftur SHA minnkar vegna þess að hætta er á að SHA fari að vasast í öllum málum, en einbeiti ekki kröftunum. Þess vegna hef ég dregið stuðning minn til baka og lýsti því yfir á liðsfundi SHA 23/9 s.l.

Þar kynnti ég líka tillögu sem miðar að breytingu á tillögu Elíasar og fleiri, þannig að hún verði vel nothæf og leiði ekki til dreifingu kraftanna heldur þvert á móti bendi á hættulegasta óvininn. Þessi breytingartillaga verður kynnt hér í blaðinu.

Ég vil biðja alla þá félaga SHA sem tillaga Elíasar og fleiri vinnur gegn afsökunar á þessu frumhlaupi mínu, en ég veit að það eru margir sem hafa lagt mikið starf á sig í því skini að samhæfa baráttuafl SHA um meginkröfurnar.

140.000 kr. til Erítreu

Söfnunin sem hófst í vor á vegum EIK(m-l) til þjóðfrelsisfylkinganna í Eritreu, ELF og EPLF, er nú í höfn. Söfnuðust 140.000 kr. í stað þeirra 100.000 kr. sem stefnt var að.

Þetta er glæsilegur árangur og ber vitni stuðningsvilja and-heimsvaldasinna á Íslandi við þjóðfrelsisöflin í Eritreu. Féð hefur verið sent til réttra aðila. Það er þjóðfrelsishreyfingunum verðleg hvatning að finna samstöðuna á Íslandi, sjá hana í verki og geta stælt baráttuviljann með því að skýra frá framlaginu. Og upphæðin dugar vissulega fyrir lyfjum, varahlutum, matvælum eða skotfærum svo um munar.

EIK(m-l) þakka öllum gefendum fyrir framlag þeirra og hvetur þá til að tala máli Eritreu sem víðast. Fordæmum ofbeldi og kúgun Mengistustjórnarinnar, Sovétauðvaldsins og leppa þeirra.

Lifi ELF/EPLF !
ERITREA mun sigra !

Umræðuhópur um Verkalýðsblaðið

EIK(m-l) í HÍ hafa ákveðið að stofna umræðuhóp um Verkalýðsblaðið. Fundir verða annan hvern miðvikudag þ.e. þegar blaðið er u.þ.b. vikugamalt, kl. 17.30 - 18.30 til jóla. Sá fyrsti verður miðvikudaginn 25. okt. og verður þá rætt um 19. tölublað. Fjórði og síðasti fundur fyrir jól verður 6. des. og verður þá rætt um 22. tölublað.

Ræða á hlutverk blaðsins, kosti þess og galla (einkum 19.-22. tbl.) og einstakar mikilvægar greinar. Væntanlegir þátttakendur tilkynni þátttöku sína til Ólafs Ingólfssonar, síma 28482 eða til sölumanna Verkalýðsblaðsins hvenær sem er.

EIK(m-l) í HÍ

Mikilvægt... Framh. af forsíðu

Einar: Ef við tökum t.d. kjaramálaályktunina, þá var hún að innihaldi til góð, en forysta hreyfingarinnar hefur starfað þvert á hana, þrátt fyrir að þingfulltrúar hafi samþykkt hana sem stefnugrundvöll í kjaramálum. Í ályktuninni er "baráttuaðferð" ASÍ-forystunnar hafnað, og sem svar við spurningunni um ásæðuna fyrir bágu ástandi í kjara- og réttindamálum verkafólks er eftirfarandi sagt orðrétt: "Það er vegna þess að baráttuaðferðum er ekki stjórnað af félögum og sérsamböndum, heldur forystu ASÍ og það eru ekki hagsmunir verkalýðs og baráttustefnu sem haft er að leiðarljósi, heldur í flestum tilvikum samvinnustefna við atvinnurekendur og ríkisvald þeirra". Með þessa ályktun á bakinu hafa forystumenn INSÍ staðið í eilífum faðmlögum við ASÍ- forystuna og gengu bíspertir undir fánum ASÍ 1. maí. Formaður INSÍ var m.a.s. ræðumaður á útifundi ASÍ og var rödd í stéttasamvinnukór ASÍ.

SKARST Í ODDA UM ASÍ OG RÍKISVALDIÐ

Árni: Á þinginu í fyrra og víðar hafa stefnur skorist um afstöðuna til grundvallaratriða, svo sem ASÍ-forystunnar og stéttasamvinnustefnu hennar, og um eðli hins borgaralega ríkisvalds. Forystumenn INSÍ (og fleiri) telja að málum iðnnema sé best borgið í faðmi einna eða annarra borgaralegra stjórnmálaflokka (fyrst og fremst Alþýðubandalagsins(AB)) Það felur í sér að nægilegt sé að gera t.d. AB nægilega sterkt til að verða stórt á þingi og komast í ríkisstjórn, þá verði ríkisvaldið bróklegt og gott fyrir iðnnema! Þessu hafna ég og segi að eðli ríkisvaldsins sé samt við sig hvaða flokkar sem sitji í stjórn hverju sinni.

Einar: "Topparnir" í INSÍ eru staðfastir í þeirri trú sinni, að ASÍ eigi að hafa sem flest af málum iðnnema á sinni hendi. Þess vegna hafa þeir lítið sem ekkert frumkvæði að því að byggja iðnemahreyfinguna upp. Þeir ættu t.d. að koma upp trúnaðarmannakerfi, undirbúa verkfallsstarf og búa hreyfinguna undir það að taka sér samnings- og verkfallsrétt.

VB: En er ekki erfitt að framkvæma það að ætla að rífa hreyfinguna upp ? Er nægilegt að lagfæra æðstu forystu INSÍ til að nálgast þetta markmið ?

Árni: Nei, engan veginn. En ég tel að frumkvæði forystumanna skipti hér höfuðmáli. Forsenda líflegs starfs er það að stjórnir félaganna og forysta INSÍ sýni frumkvæði. Í okkar félagi hefur verið fremur slaklegt starf. Ég ætla ekki að kenna félögum mínum um það, heldur fyrst og fremst starfsdeyfð okkar í stjórninni. Ekki bætir svo úr skák að við höfum ekki fengið nauðsynlegan styrk INSÍ til að byggja upp einstaka félög.

Einar: Okkar félag er ekkert fyrirmyndarfélag að starfi. En við sýnum þó tilburði til að virkja kjarna fólks - og það hefur tekist þokkalega. Við erum að byggja upp virkt trúnaðarmannakerfi, o.fl. Ég hefi ekki fundið fyrir því að við fengjum stuðning við bakið frá INSÍ og höfum því orðið að plægja okkar akur sjálfir. En auðvitað dregur það úr manni starfskjark, að horfa upp á hunsun forystu INSÍ á mikilvægum ályktunum iðnnemaþings á síðasta ári.

UPPELDISSTÖÐ ALÞÝÐUBANDALAGSINS

Árni: Alþýðubandalagið notar INSÍ beinlínis sér til framdráttar. AB hefur átt formenn sambandsins í áraraðir og lagt mikið upp úr því að flagga sínum mönnum í INSÍ, flokknum til framdráttar. Jónas starfsmaður INSÍ er formaður AB í Reykjavík og var á framboðslista í vor. Hallgrímur, formaður INSÍ, var líka á framboðslista og Sveinn, fyrrum formaður og ritstjóri Iðnnemans, er Bandalagsmaður. Mér sýnist AB nota INSÍ sem útungunarstöð fyrir atvinnu-verkalýðsforingja og atkvæðabeitur. Sumum hefur reynst erfitt að greina á milli hvenær þeir Jónas, Hallgrímur og Sveinn eru að starfa fyrir AB og hvenær fyrir INSÍ!

VB: Að lokum. Þið komið greinilega til með að starfa í andstöðu við stefnu og starfshætti INSÍ-forystunnar á þinginu. Er ef til vill á dagskrá framboð gegn "Alþýðubandalags-stjórninni"?

Einar: Aðalatriðið er að gera iðnnemum ljóst mikilvægi þess að INSÍ starfi sjálfstætt að málefnum iðnnema, en mál þess séu ekki hengd endalaust á klakk ASÍ-forystunnar. Ég tel "sprengiframboð" ekki á dagskrá að sinni. Okkar markmið hlýtur að vera það að virkja hreyfinguna að neðan, en ekki að ofan. "Hallarbylting" í INSÍ myndi í sjálfu sér ekki vera nein alsherjarlausn. Við verðum að starfa mun meira að endurreisn hreyfingarinnar í heild með starfi í nemafélögunum.

Árni: Ég tek undir þetta. En engu að síður er það á dagskrá nú þegar að berjast fyrir því að afli INSÍ sé beitt til hagsbóta iðnnemum af sem allra mestum þunga. INSÍ hefur mikil völd og er sem heild ekki illa búið undir að virkja félaga, bæði skipulags- og efnalega. Ég tel þingið vera mikilvæganlið í þessu starfi.

VB: Takk fyrir spjallið!

ÞÝSK FYRIRTÆKI...

Framhald af baksíðu

hlýtur miklu fremur að vera sú að ríkisvaldið tryggi með heildaráætlun þá fullu vinnu handa Sunnlendingum, bæði á sviði iðnaðar, viðgerðaþjónustu, menntamála og landbúnaðar, sem er landshlutanum nauðsynleg.

Ekki má loks gleyma því að með yfirráðum þýsku fyrirtækjanna er fyrirtækið í hættu hvenær sem kreppusamdráttur verður í Þýskalandi.

HVAÐ GERIR RÍKISSTJÓRNIN ?

Á bak við tuggur eins og "erlend aðstoð", "fjölbreyttari atvinnuvegi", "blómlega stóriðju" og "meirihlutaeign Íslendinga" felst skert sjálfræði okkar, aukin byggðaeyðing og hert arðrán. Ríkisstjórnin lofaði að stemma stigu við erlendum fjárfestingum í málefnasamningi sínum. En í skjóli hans hreiðra auðhringar sig austur í sveitum og iðnaðarráðherra Hjörleifur Guttormsson, "alþýðuvinur" og AB-foringi, segir ekkert. EIK(m-l) sagði "vinstri"stjórnina þjóna auðvaldinu, þegar allt kæmi til alls. Samstaða hennar með þýskum auðhringjum og íslenskum auðherrum sýnir að svo er í reynd.

VERKALÝÐS BLAÐIÐ

Málgagn Einingarsamtaka kommúnista (marx-leninista)

Gerist áskrifendur
Áskrift greiðist á
giró 12200-9

ÁBM: ALBERT EINARSSON
1 árs áskrift: kr. 3000
1/2 árs áskrift: kr. 1750
Til útlanda: kr. 5500
Stuðningsáskrift: kr. 5000
ÓÐINSGÖTU 30 Pósthólf 5186,
Reykjavík, sími: 29212

Landsbókasafnið
v/ Hverfisgötu
101 Reykjavík

Opið bréf til Lúðvíks:

Hver er afstaðan til Sovétríkjanna?

EIK(m-l) skilgreina Sovétríki nútímans sem heimsvaldasinnað auðvaldsríki, sem annan tveggja höfuðóvina alþýðu veraldar og auk þess það heimsveldi sem ákafast keppir að heimsyfirráðum. En Alþýðubandalagið: hver er afstaða þess til Sovétríkjanna?

Það er ljóst, að Alþýðubandalagsforystan greinir Sovétríkin sem sósíalískt ríki hvaða skilning sem hún annars leggur í þá einkunn. Það er líka vitað, að í áhrifahópum flokksins eru skiptar skoðanir um þessi mál. Og lítið hefur borið á sameiginlegri heildarstefnu í utanríkismálum yfirleitt.

Af umfjöllun Þjóðviljans um Sovétríkin til lengri tíma má draga fram vissa (óskýra) heildarafstöðu. Í grófum dráttum má segja, að Þjóðviljinn gagnrýni verulega "vanskapaðan sósíalisma" innanlands í Sovét, en styðji að mestu stefnu Brésnefs í utanríkismálum. Oft er þó valin sú leið, að þegja eða taka ekki afstöðu til mála sem viðkvæmust eru (Tékkóslóvakía að sumu leyti undantekning). I kosningabaráttunni í vor þögðu AB-menn dyggilega um utanríkismál að undanskildum slagorðunum "Ísland úr NATO - herinn burt". Hvað til dæmis um deilur Kína og Sovét? Hvað um stríðið í Eritreu? Kemur AB það illa að upplýsa fólk um andstöðu sína í þessum málum? Þögnin er hið deiga vopn hentistefnumanna!

Tímaritinu "Réttri" er ritstýrt af ýmsum forkólfum AB undir forsæti Einars Olgeirssonar. Þar er oft talað ögn skýrara máli en venja er hjá AB-forystunni um utanríkismál og raunar margt fleira. I tímaritinu er t.d. "erlend víðsjá" fastur liður. Er þar reynt að auka hróður endurskoðunarsinna á heimsmælikvarða, en þagað yfir málum sem þeim koma verst. T.d. hefur þar aldrei verið fjallað um stríðið í Eritreu.

Hins vegar var í síðasta tbl. fjallað um átökin í Shabahéraði í vor. Og viti menn, þar eru þau blygðunarlaust skýrð sem "alþýðuuppreisn" og ekki minnst á sovésk/kúbönsk afskipti. Átökin í Zaire nú og í fyrra voru ekki "alþýðuuppreisn", heldur 2 innrásir sovétstjórnaðs leiguhers, hers sem áður barðist fyrir Belga gegn þjóðfrelsi Kongó, en nú viðhefst í Angóla, er þjálfaður af Kúbumönnum, berst með sovéskum vopnum (foringi hópsins heimsótti Sovét örstuttu fyrir innrásina). Þetta er aðalatriðið. Barátta alþýðu Zaire við kúgun eigin ríkisstjórnar er svo önnur saga.

Síðasta tbl. Réttar 1977 er gagnmerkilegt. Þar skrifar Einar Olgeirsson grein um Sovétríkin í tilefni 60 ára byltingarafmælis. Þar segir Einar m.a., að "þrátt fyrir ýmis mistök og illvirki í Sovétríkjunum...":

"...þá þarf öll sú alþýða heims, sem enn berst fyrir frelsi sínu, lífi og valdi gegn yfirdrottnun auðvaldsins, að gera sér það fyllilega ljóst, - að eigi aðeins lifir hugsjón sósíalismans þar eystra, sem henni var rudd brautin inn í veruleikann með byltingunni forðum, - heldur er og þar í Sovétríkjunum að finna sterkasta vald sósíalismans á jörðinni, - það eina vald sem heldur yfirgangi ameríska auðvaldsins í skefjum, - valdið sem bjargar Kúbu, þegar viðskiptabann Bandaríkjanna ætlaði að kæfa byltinguna í fæðingunni, - valdið, sem afturhaldið óttast og hatar, en sjálfstæð stríðandi alþýða undir flestum kringumstæðum getur treyst - þrátt fyrir allt".

Svo mörg voru þau orð (ögn þó klippt framan af hinni hástemmdu setningu). Sú afstaða sem hér kemur fram er ekkert óvenjuleg í Réttri. En ég sakna þess að AB sem flokkur setji fram stefnumörkun sína um málið. Því beini ég eftirfarandi til miðstjórnar AB eða Lúðvíks Jósepssonar fyrir hennar hönd.

Lúðvík Jósepsson! Getur þú fyrir hönd flokksins skrifað undir framangreind orð Einars Olgeirssonar? Ertu þeim ósammála? Eða tekur flokkurinn alls enga sameiginlega afstöðu til Sovétríkjanna??

Glaður yrði ég, ef þú létir svo lítið að svara spurningunni í þessu blaði eða þínu eigin, jafnvel þótt ég skrifi ekki undir mínu nafni. Alþýðan í landinu í landinu þyrfti að fá þetta svar.

Rauðmundur.

1. kappræðu fundurinn:

Skemmtilegur og gagnlegur

Fyrsti kappræðufundur EIK(m-l) í Reykjavík af sjö fundum var haldinn 5.okt. s.l. Fulltrúi EIK(m-l) var formaður miðstjórnar Ari T. Guðmundsson, en andmælandi að þessu sinni Gunnar Andrésson, formaður "Kommúnistaflokks Íslands/ML". Umræðuefnið var sameining ísl. kommúnista í einn flokk.

75-80 manns sóttu fundinn og tóku margir fundargesta þátt í frjálsum umræðum sem voru eftir framsöguræður fulltrúanna tveggja. Að auki flutti Guðmumdur Sæmundsson, ásamt nokkrum félögum sínum þátt í tali og tónum sem fjallaði um viðbrögð stjórnmálaflokka og samtaka við innrás risaveldis í Ísland. Fléttaðist þar saman alvara og nokkurt gaman og var gerður góður rómur að framlaginu.

Framsöguræður og umræður staðfestu óhemju veika stöðu "KFÍ/ML". Þær sýndu glöggt fram á ágreining í grundvallatriðum milli samtakanna tveggja, þær sýndu fram á ágreining um baráttuaðferðir og þær sýndu fram á algjörlega andstætt mat samtakanna á allri forsögu "KFÍ/ML". Að auki lögðu margir fundarmanna fram alvarlega gagnrýni á "KFÍ/ML" ásamt spurningum sem forsvarsmenn "KFÍ/ML" komu sér hjá að svara eða svara skýrt. Margir félagar flokksins héldu því fram að fortíðin væri ekki á dagskrá, að samtökin ættu að sameinast fyrst og gera út um ágreining þar á eftir. Þessu

Þessu vísuðu EIK(m-l) á bug svo lengi sem um mikilvæg ágreiningsefni væri að ræða. Formaður EIK(m-l) lýsti því yfir að forsendur sameiningar væru að "KFÍ/ML" gerði upp við fyrri stefnu sína og KSML (forveru "flokksins), nýlegt svar "KFÍ/ML" við sameiningargrundvelli EIK(m-l) innihéldi ekkert nýtt og breytti engu þar um. Hann sagði opna kappræðufundi einu viðræðurnar sem EIK(m-l) vildi eiga við "flokkinn" fram að slíku uppgjöri og samvinna félaga úr samtökunum kæmi aðeins til greina innan samfylkinga einstaklinga á borð við 1.des-hreyfinguna.

Eftir þessa góðu byrjun, verður næsti kappræðufundur fimmtudaginn 9.nóv. að Hótel Esju kl. 20.30. Umræðuefnið er Norðaustur-Afríka - sérstaklega þjóðfrelsisbaráttan í Eritreu. Við hvetjum lesendur til að koma á fundinn með sem allra flesta fundargesti.

EIK(m-l) taka einarða afstöðu gegn öllum erlendum fjárfestingum á Íslandi, þ.á.m. erlendri stóriðju. Ástæðan er sú að kommúnistar eru andvígir hvers konar skerðingu sjálfræðis og sjálfsákvörðunarréttar íslensku þjóðarinnar. En slíkt jafngildir alls ekki því að kommúnistar séu andvígir stóriðju, fullkomnari framleiðslu og tækniframförum - þvert á móti. Undir stjórn ríkisvalds verkalýðsins felur stóriðjan í sér velsæld og sjálfsbjörg þjóðarinnar. En álver SWISS ALUMINIUM eða járnblendiver ELKEM-SPIGERVERKET hefur hvorki í för með sér velsæld eða sjálfsbjörg, heldur mengun, arðrán og aukin áhrif erlendra auðhringa á Íslandi. Gegn því snúumst við, um leið og baráttan beinist að báðum risaveldunum og íslensku auðstéttinni sem selur sjálfræði þjóðarinnar fyrir silfurpeninga.

Þýsk fyrirtæki með stóriðju á Mýrdalssandi

NÝTT SKREF AUÐHRINGA

Það eru ekki bara íslensku auðhringarnir sem eflast þessa daganna. Nýjasta átak erlends auðvalds er jarðefnavinnslan í Mýrdal austur. Gróðasjónarmið peningamanna þar, sem þykir uppbygging atvinnuvega í strjálbýli ganga hægt ræður því að leitað er nýrra leiða í iðnaði.

Vissulega er atvinnuöryggi og byggðastefna fyrir austan í ólestri, en orsökin er einmitt gróðasóknin sem stýrir þessum herrum og ríkisvaldinu. Hagkvæmasta lausnin fyrir "bísnismennina" og ríkisvaldið er að koma á fót afkastamikilli stóriðju sem notar ódýra orku, einfaldan vélakost og sem fæsta starfsmenn. Með stuðningi og fjárfestingum erlendra stórfyrirtækja er þetta hægt - ef þau sjá sér gróða í því.

ÞÝSKIR OG ÍSLENSKIR GRÆÐA

Undirbúningsstofnun nýju stóriðjunnar lætur nú rannsaka vikur á Mýrdalssandi með milljarðaútflutning í huga. Fyrirtækið er að 48% eign fjögurra þýskra stórfyrirtækja, sem munu kaupa hráefnið til fullvinnslu. Þýsku fyrirtækin ráða yfir allri tækni, mörkuðum, skipulagi og þá verðinu til Þýskalands, þannig að meirihlutaeign ísl. aðila felur í raun raunveruleg yfirráð erlenda auðvaldsins. Gróðinn sem ísl. eigendur fá verður sennilega margfalt minni en hlutinn sem rennur í sjóði Þjóðverjanna.

Með gróðasókn sem drifafl mun jarðefnavinnslan hvorki tryggja hag eða atvinnuöryggi vinnandi fólks á Suðurlandi né koma í veg fyrir byggðaeyðingu. Vinnslan verður mjög vélvædd, þarf tiltölulega fáa starfsmenn og litla þjónustu. Krafa fólksins

Framh. á bls. 7

Undirborganir á Dagblaðinu

Á auglýsingadeild Dagblaðsins vinna nokkrar ungar stúlkur á kvöldin við móttöku smáauglýsinga. Þær eru ekki í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur og yfirmenn DB nota sér það út í ystu æsar. Þær fá greitt kaup sem er mun lægra en kaup samkvæmt töxtum VR fyrir sambærilega vinnu. Samkvæmt heimildum blaðsins, fá þær greiddar kr. 1.180 fyrir hverja unna **klukkustund, en sem fyrr segir** vinna þær eingöngu yfir- og næturvinnu! Stúlkurnar hafa árangurslaust reynt að fá sín mál leiðrétt, bæði hjá yfirmönnum DB og Verslunarmannafélaginu.

Verkalýðsblaðið hafði samband við Jóhannes Reykdal, skrifstofustjóra DB, og bar framangreint undir hann. Jóhannes kannaðist strax við þetta: Kvaðst "hafa heyrt um málið á dögunum", en vísaði síðan á Ólaf Eyjólfsson, sem einnig er titlaður skrifstofustjóri hjá DB. Ólafur þessi kannaðist ekki við neitt í þessa átt, sagði enga óánægju hafa verið með kaup á auglýsingadeildinni frá stofnun DB. Hins vegar kvað hann stúlkurnar á kvöldvaktinni vera á "sérsamningi", án þess að vilja skýra nánar í hverju þessi "sérsamningur" er fólginn. En þessi "samningur", sem hefur í raun aldrei verið gerður við stúlkurnar, er aðeins fallegt nafn á þeirri ákvörðun yfirmanna DB að undirborga þennan hluta starfsliðsins.

Þess má að lokum geta, og raunar er óhætt að undirstrika það hressilega, að stjórnarformaður Dagblaðsins er Björn Þórhallsson. Sami Björn er formaður Landssambands verslunarmanna og er því skólabókardæmi um Trójuhest í verkalýðshreyfingunni.